



## **Þjóðsögur í ÓGN**

Á blaðsíðu 18 í ÓGN er að finna þjóðsögu um tvær systur. Svipaðar sögur eru til í þjóðsagnasöfnum og hægt er að finna fleiri á internetinu eða í bókum. Hér er dæmi um eina slíka. [https://www.ismus.is/tjodfraedi/sagnir\\_aevintyri/11573](https://www.ismus.is/tjodfraedi/sagnir_aevintyri/11573)

### **Saga af stúlku sem var ein heima á jólanótt**

#### Útdráttur

Einu sinni voru hjón á bæ og áttu þau eina dóttur. Það var siður á bænum að fara til kirkju á jólanótt, allir nema ein manneskja. Bóndadóttirin varð heima þessa jólanótt og þurfti að þrifa, mjólka kýrnar og sjóða hangikjöt. Þegar hún var að sjóða kjötið kom til hennar lítið barn inn í eldhúsið og bað hana um að gefa sér bita, sem hún og gerði. Þegar hún svo fór í fjósið varð hún vör við að þar kæmi einhver inn. Hún veitti því enga eftirtekt og fór inn í bæ, þar sem baðstofan var full af fólki. Hún fór inn í herbergi og skipti sér ekki af fólkinu frammi. Þegar hún fór loks fram kom til hennar kona og gaf henni fallett belti. Hún þakkaði henni fyrir að gefa barninu kjötbitann og að hafa ekki skipt sér af fólkinu. Þegar fólkið kom heim úr kirkju þá sagði hún þeim frá gjöfinni. Á næstu jolum ákvað húsfreyjan að vera heima á bæ í von um að fá gjöf frá konunni. En húsfreyjan sló til barnsins þegar það bað hana um kjötbita og þegar fólkið kom heim frá kirkju lá hún dain á gólfinu. Dóttirin varð hins vegar hin mesta gæfukona.

### **Jólasveinarnir koma úr þjóðsögum Íslendinga**

Á blaðsíðu 117 í ÓGN segir þabbinn frá íslensku jólasveinunum og lýsir þeim fjálglega fyrir japönskum hjónum sem eru gestir á gistihúsinu. Þar er átt við hina þrettán jólasveina eins og við þekkjum þá best. Þeir eru: Stekkjarstaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottaskefill, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir.

Í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, III. bindi segir á bls. 283 - 286, frá jólasveinunum og foreldrum þeirra Grýlu og Leppalúða.

Grýla hét norn ein gömul, sumir segja tröll, og var hún tvígift. Fyrri maður hennar hét Boli. Þau bjuggu undir Arinhellu. Áttu þau mörg börn saman sem segir víða í Grýlukvæðum. Þau voru bæði mannætur hinar mestu, en þókti þó hnossgæti mest að borða allt ungvíði. Eftir dauða Bola giftist Grýla aftur og eignaðist gamlan mann sem hét Leppalúði. Þau áttu saman tuttugu börn. Grýla lifði báða bændur sína og varð að amla\* fyrir þeim lengi karlægum.

Jólasveinar eru nú níu talsins og heita: Gáttapefur, Gluggagægir, Pottasleikir og Pönnuskuggi, Guttormur og Bandaleysir, Lampaskuggi og Klettaskora.

Annars staðar segir að jólasveinarnir séu þrettán og að sá fyrsti komi hálfum mánuði fyrir jól. Þá eru þeir taldir upp, Tífall og Tútur, Baggi og Hnútur, Rauður og Redda, Steingrímur og Sledda, sjálfur Bjálfinn og Bjálfans barnið, Bitahængir, Froðusleikir, Gluggagægir og Syrjusleikir.

\*amla merkir að basla eða streða.

## Áramót

Amma segir frá álfunum á Íslandi á blaðsíðu 117 í ÓGN og að áramótin séu mjög sérstakur tími meðal álfanna.

Um áramót og þrettánda dag jóla, sem er 6. janúar, hafa álfar möguleika á því að færa sig um set og skipta um búsetu. Í gömlum sögum segir að álfakrossgötur séu á fjöllum eða hæðum þar sem hægt er að sjá til fjögurra kirkna á sama stað. Ef menn sitja á þessum krossgötum á nýársnótt er sagt að álfar komi úr öllum áttum, þyrpist að manni og biðji mann um að koma með sér en maður má engu gegna. Þá bera þeir manni alls konar gersemar, gull og silfur, klæði, mat og drykk en maður má ekki þiggja. En þegar dagur rennur á maður að standa upp og segja: „Guði sé lof, nú er dagur um allt loft.” Þá hverfa allir álfar en allur álfaauðurinn verður eftir og hann má maður eiga. En svari maður eða þiggi boð álfa er maður heillaður og verður vitstola og aldrei síðan mönnum sinnandi.